

# Þjóðskjalasafn

## Íslands



### Handbók fyrir

### Hita- og loftræstikerfi



Sími: 587 4162  
GSM: 892 4428  
Fax: 587 4162  
Boðtæki: 845 4688

Reykjavík í september 1996



HEITI VERKS	Dags: 1. 8. 1996
Þjóðskjalasafn Íslands	Teiknað: KO
KERFI NR: 1	Samþ: KO
Hita- og Loftræstingunustan Ystaba 11 110 Reykjavík	Verk nr: 1
Sími: 587 4162 Farsími: 892 4428	Kvarði:

## Lýsing á samvirkni tækja.

Loftræstikerfi nr. 1 Loftræstikerfi fyrir sal á 2 hæð hús nr. 5

NR: TÆKI: HLUTVERK:

Loftræstikerfið er uppblöndunarkerfi á fersklofti og bakrásarlofti. Ferskloftið er tekið inn um rist á útvegg (tæki nr.01.) í gegn um spjaldloku (tæki nr. 02.) blandað með bakrásarlofti úr salnum í gegn um spjaldloku (tæki nr. 03.), þá er það síað í gegnum síur (tæki nr. 04.) og (tæki nr. 05.) það er síðan hitað upp í hitara (tæki nr. 15.) og blásið inn í salinn af (tæki nr. 07.) á því kjörhitastígi sem beðið er um hverju sinni af (tæki nr. 13.). Kerfið stjórnast af klukku (tæki nr. 22

Samstæða er frá Svenska Flaktfabriken. Tipa: KDDE -2 -112 -3  
Nr: 0, 0332 4206 003. Árgerð 1973.

- 1.01. Inntaksrist fyrir ferskloft, staðsett á útvegg.
- 1.02. Spjaldloka fyrir ferskloft, staðsett í ferskloftsstokk við samstæðu. Stjórnast ásamt spjaldloku (tæki nr. 03.) af lokumótor (tæki nr.08.) Þær blanda upp ferskloftið og bakrásarloftið og leitast við að halda því hitastígi sem beðið er um af hitastilli (tæki nr.09.) að hitara (tæki nr. 15.).
- 1.03. Spjaldloka fyrir bakrásarloft, staðsett neðst í samstæðu innan við síur (tæki. nr. 05.) fyrir bakrásarloft. Stjórnast ásamt spjaldloku (tæki nr. 02.) af lokumótor (tæki nr.08.) Þær blanda upp fersklofti og bakrásarlofti og leitast við að halda því hitastígi sem beðið er um af hitastilli (tæki nr.09.) að hitara (tæki nr. 15.).
- 1.04. Síur fyrir ferskloft, (57 x 77 - 3 stk.) staðsettar í samstæðu utan við hitara (tæki nr. 15.) Síu loftið áður en það er hitað upp og blásið inn í salinn.
- 1.05. Síur fyrir bakrásarloft, (50 x 70 - 2 stk.) staðsettar neðan á samstæðu. Síar bakrásarloftið áður en það fer til uppblöndunar við ferskloftið og blásið inn í salinn.

- 1.06. Rafmótor staðsettur í samstæðu, við (tæki nr. 07.) Stjórnar blásara (tæki nr. 07.) en stjórnast af stjórnhnappi (tæki nr. 21.). Skífa á öxli 100 millimetra, tvöföld .
- 1.07. Blásari staðsettur í samstæðu, við (tæki nr. 06.). Blæs loftinu inn í salinn, stjórnast af rafmótor (tæki nr. 06.). Skífa á öxli 400 millimetra, tvöföld. Loftmagn 8.000 m<sup>3</sup> k/s
- 1.08. Lokumótor spjaldlokumótor, staðsettur í uppblöndunarhólfi innan við spjaldloku (tæki nr. 02.). Stjórnar spjaldlokum (tæki nr. 02.) og (tæki nr. 03.), en stjórnast af hitastillir (tæki nr. 09.)
- 1.09. Hitastillir uppblöndunar hitastillir, staðsettur neðst á samstæðu vinstra megin við (tæki nr. 10.). Stjórnar Spjaldlokumótor (tæki nr. 08)  
**Stillist á 14 gr. C. = 57 gr. F.**
- 1.10. Frostvörn staðsett neðst á samstæðu vinstra megin við (tæki nr. 09.).  
**Stillist á + 5 gr. C.**  
Við frostútleysingu gerist eftirfarandi:  
Slekkur á blásara fyrir innblástur (tæki nr. 07.).  
Lokar spjaldloku fyrir ferskloft (tæki nr. 02.) .  
Fullopnar mótorkoka fyrir hitaveitu (tæki nr. 11)
- 1.11. Mótorkoka staðsettur á vegg í framrás á heitu vatni að hitara (tæki nr. 15.). Stjórnar heitu vatni til hitarans, en stjórnast af stofuhitastilli (tæki nr. 13.) og (tæki nr. 14.) og leitast við að halda því hitastigi sem beðið er um á hverjum tíma af (tæki nr. 13.).
- 1.12. Súuvaki staðsettur utan á samstæðu hægramegin uppi, gefur viðvart þegar sía er orðin óhrein. Kveikir ljós (tæki nr. 26.) í stjórnskáp.
- 1.13. Hitastillir Stofuhitastillir. Staðsettur í sal hægramegin við dyr inn í salinn. Stjórnar ásamt (tæki nr. 14.) mótorkoka (tæki nr. 11.) og leitast við að halda því hitastigi sem beðið er um hverju sinni.  
**Stillist á 18 gr. C**
- 1.14. Hitastillir **Hámarks**, staðsettur á stökk innan við samstæðu. Passar upp á að ekki sé blásið of heitu lofti inn í salinn, þegar Stofuhitastillir (tæki nr. 13.) biður um hita fyrir salinn. **Stillist á 30 gr. C.**
-

- 1.15. Hitari staðsettur í samstæðu utan við blásara (tæki nr. 07.) Hitar upp loftið áður en því er blásið inn í það rými sem það á að þjóna.  
Stjórnast af mótorkoka (tæki nr. 11.)
- 1.16. Lofthitamælir staðsettur í inntaksstokk innan við útiloftsrist (tæki nr. 01.).  
Sýnir hitastígið úti eins og það er hverju sinni.
- 1.17. Lofthitamælir staðsettur í stokk innan við samstæðu við (tæki nr. 14.).  
Sýnir það hitastig sem blásið er inn í salinn hverju sinni.
- 1.18. Hitamælir staðsettur í framrás hitaveitu að hitara (tæki nr. 15.)  
Sýnir hitastígið á hitaveituvatninu hverju sinni.
- 1.19. Hitamælir staðsettur í bakrás hitaveitu frá hitara (tæki nr. 15.)  
Sýnir bakrásarhitastígið hverju sinni.
- 1.20. Stjórnskápur staðsettur á vegg undir samstæðu. Í honum eru eftirtalin tæki nr.:
- 1.21. Stjórnhnappur staðsettur framan á stjórnskáp (tæki nr. 20.)  
Kerfið er ræst í gang með þessum hnappi.
- 1.22. Klukka staðsett inn í stjórnskáp (tæki nr.20.) Stjórnar kerfinu þannig:  
Kveikir á kerfinu kl. 06.00 að morgni alla daga ársins, og slekkur á því kl. 22.00 alla daga ársins.
- 1.23. Yfirálagsvörn staðsett inn í stjórnskáp (tæki nr.20.)  
Fyrir blásara (tæki nr. 07.).
- 1.24. Sjálfvar staðsett inn í stjórnskáp (tæki nr. 20.)  
Fyrir blásara (tæki nr. 07.).
- 1.25. Sjálfvar staðsett inn í stjórnskáp (tæki nr. 20.)  
Fyrir stýristraum.
- 1.26. Ljós gult, staðsett á stjórnskáp (tæki nr. 20.)  
Viðvörðun fyrir (tæki nr.12.) gefur ljós vegna óhrein sía.
- 1.27. Ljós grænt, staðsett á stjórnskáp (tæki nr. 20.)  
Merkir kerfið í gangi. Kveikt á stjórnhnapp (tæki nr. 21.)
-

- 1.28. Ljós rautt, staðsett á stjórnskáp (tæki nr. 20.)  
Merki: **Útsleginn rafmótor** (tæki nr. 06.)
- 1.29. Ljós rautt, staðsett á stjórnskáp (tæki nr. 20.)  
Merki: **Frostvörn útslegin** (tæki nr. 10.)
- 1.30. Hitamælir staðsettur á vegg við stofuhitastillir (tæki nr. 13.)  
Sýnir það hitastig sem er í salnum hverju sinni..